

Miðvikudaginn 22. júní 1938.

Nr. 34/1938. **Þorsteinn Þorsteinsson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Birni Arnórsyni (Garðar Þorsteinsson)
og Björn Arnórsson

gegn

**Þorsteini Þorsteinssyni og Sjóvá-
tryggingarfélagi Íslands h/f vegna
vátryggingarfélagsins Danske Lloyd.**

Skaðabætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. marz þ. á., krefst þess, að honum verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda, Birni Arnórssyni, kr. 5361.40 með 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti og að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 24. marz þ. á., krefst þar á móti staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti í aðalsök og gagnsök eftir mati dómsins.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefir verið stefnt hér fyrir dóm vegna vátryggingarfélagsins Danske Lloyd, en án þess að nokkrar kröfur hafi verið gerðar á hendur því.

Með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 16. marz þ. á., var bilstjórinn Andrés Óskar Ingimundarson sýknaður af kröfum og kærnum réttvissinnar og valdstjórnarinnar um refsingu á hendur honum vegna bilslýss þess, sem krafizt er skaðabóta fyrir í máli

Því, er hér liggur fyrir. Þegar ráða skyldi til lykta refsimálinu, varð að byggja á skýrslu ákærða sjálfs um aðdragandann að slysinu, með því að engar aðrar upplýsingar voru fyrir hendi í því efni, og leiddi þetta til sýknu ákærða. En á hinn bóginn er heldur ekki fram komin nein sönnun fyrir því, að gagnáfrýjandi hafi orðið valdur að slysinu sakir óvarkárni, né að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt einskis hefði verið á vant um aðgæzlu og varúð af hálfu bilstjórans. Af þessum ástæðum kemst áfrýjandi ekki hjá því að greiða bætur samkvæmt 2. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 70 frá 1931, um notkun bifreiða.

Um orkumissi gagnáfrýjanda er ágreiningur í málinu, en ekkert hefir fram komið, sem hnekki gildi læknisvottorða þeirra, sem rakin eru í héraðsdóminum. Einkum þykir bera að leggja til grundvallar álitserð Sigurðar yfirlæknis Sigurðssonar og Jens læknis Jóhannessonar, sem gefin er 14. desember f. á., eftir að þeir höfðu rannsakað gagnáfrýjanda rækilega að beiðni beggja aðilja málsins. Jafnframt er þess að geta, að héraðslæknirinn í Svarfdælahéraði, sem haft hefir gagnáfrýjanda undir læknishendi að undanfögnu, hefir lýst yfir því, að samkvæmt rannsókn sinni 3. f. m. séu sjúkdómseinkenni þau, sem greinir í vottorði Sigurðar Sigurðssonar, enn fyrir hendi.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu og aflað hefir verið að nokkru með vitnaskýrslum eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, hefir gagnáfrýjandi verið nokkuð óreglusamur í lifnaðarháttum sínum eftir að hann komst á fætur eftir bilslysið. Má ætla, að hann hafi á þenna hátt dregið úr bata sínum, og verður að hafa hliðsjón af því við ákvörðun bótanna.

Með skirskotun til framanskráðra atriða svo og þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi um starfs-hæfi og tekjur gagnáfrýjanda fyrir slysið, þykja bætur þær, sem hann á heimtingu á fyrir heilsuspjöll og þjáningu, hæfilega metnar í heild á 13000 krónur, og er í þeirri fjárhæð meðtalin kostnaður við læknis-hjálp og sjúkrahúsvist. Ber því að dæma aðaláfrýj-anda til að greiða gagnáfrýjanda nefnda fjárhæð með 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Þvi dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Birni Arnórssyni, kr. 13000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri að-för að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. jan. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. april 1937 af Birni Arnórssyni, verkamanni á Siglufirði, gegn Þorsteini Þorsteinssyni bifreiðaeigenda, Njálsgötu 15 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 24.682.00 með 5% ársvöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst þess að verða aðeins dæmdur til að greiða kr. 5353.90, en í munnlega málflutningnum samþykkti umboðsmaður hans, að við þá upphæð mættu bætast kr. 7.50, og verður því endanleg krafa stefnds sú, að

hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 5361.40, og að sér verði tildæmdur málskostnaður, en að því er málskostnaðinn snertir, krefst hann þess þó til vara, að hann verði látinn falla niður.

Í máli þessu hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt vegna vátryggingarfélagslagsins Danske Lloyd til þess að gæta réttar þess í málinu.

Málsatvik eru þau, að þann 22. nóvember 1936 kl. um 4.20 f. h. var hringt á Litlubilastöðina hér í bænum frá Leifsgötu 14 og beðið um að senda bifreið á Sjafnargötu 9 til að taka þar slökkviliðsmann og síðan annan á Leifsgötu 14. Til farar þessarar var send bifreiðin R.E. 880, sem er 5 manna leigubifreið, eign stefnds og vátryggð hjá vátryggingarfélaginu Danske Lloyd, en bifreiðarstjóri á bifreiðinni var í þetta skipti Andrés Óskar Ingimundarson. Ók hann fyrst á báða áðurgreinda staði og tók slökkviliðsmennina. Síðan ók hann með þá inn Laugarnesveg, en þar var talið, að væri að brenna. Þegar komið var nokkuð inn á Laugarnesveg, niður fyrir brekkuna, sem er á veginum fyrst, er hann liggur af Suðurlandsbrautinni, ók bifreiðin á stefnanda í máli þessu, og hlaut hann af því mikil meiðsl, sem síðar verður lýst.

Sökín. Stefnandi telur, að bifreiðarstjórinn á R.E. 880 eigi einn alla sök á umræddu slysi, en stefndur telur, að stefnandi eigi sjálfur svo mikinn þátt í því, að rétt sé að skipta sökinni á slysinu til helminga á milli aðila.

Bifreiðarstjórinn skýrir svo frá atvikum slyssins, að hann hafi ekið niður Laugarnesvegin á ca. 40 km. hraða, miðað við klukkustund, enda kveður hann, að bæði hafi slökkviliðsmennirnir sagt sér, að þeir þyrftu að flýta sér, og hann sjálfur talið skyldu sína að aka hratt með þá. Um leið og komið var niður fyrir áðurnefnda brekku kveðst hann hafa séð mann á undan bifreiðinni, er hélt inn veginn á vinstri vegbrún ca. 1—2 fet frá sjálfum vegkantinum, og hafi hann ætlað að aka fram hjá honum í ca. meters fjarlægð. Þegar bifreiðin hafi átt eftir ca. 5 m. að manningnum, kveðst bifreiðarstjórinn hafa gefið hljóðmerki og dregið úr hraðanum samtímis, en alveg samstundis hafi maðurinn, sem reyndist vera stefnandi máls þessa, vikið inn á veginn ca. $\frac{1}{2}$ m., og áður en varði verið beint framundan bifreiðinni. Kveðst bifreiðarstjór-

inn þá þegar hafa snarbeygt til hægri og hemlað bifreiðina, en um leið hafi stefnandi rekizt á mitt vinstra frambrettið, fallið um leið aftur fyrir sig, lent með hnakkann á hlífinni, sem gengur fram af þakinu yfir framrúðunni og rekið hægri olnbogann í framrúðuna, svo að hún hafi brotnað. Við höggið hafi stefnandi kastast frá bifreiðinni, sem bifreiðarstjórinn kveðst hafa rétt aftur á veginum. Bifreiðin hafi numið staðar ca. 7 m. frá þeim stað, sem stefnandi lá á, en hann hafi legið á bakinu nærri þvert á götunni og snúið fótum að vinstri vegbrún, og hafi fælurnir verið ca. $\frac{1}{2}$ m. frá brúninni. Bifreiðarstjórinn tók síðan stefnda upp í bifreiðina með aðstoð slökkviliðsmannanna og flutti hann á landsspítalann.

Slökkviliðsmennirnir hafa báðir neitað því í lögreglu-réttarpröfunum, að þeir hafi á nokkurn hátt hvatt bifreiðarstjórann til að aka hratt. Þeir sátu báðir í aftursæti bifreiðarinnar og fylgdust því ekki nákvæmlega með slysinu. Segir annar þeirra, að hraðinn muni ekki hafa verið yfir 45 km. á klst., en hinn, að hraðinn hafi verið „skikkanlegur“. Hvorugur þeirra man aftir, að gefið hafi verið hljóðmerki áður en slysið varð. Báðir staðhæfa þeir, að bifreiðinni hafi verið snúið snögg til hægri, en geta ekki með vissu sagt um, hvenær það var, miðað við áreksturinn.

Stefnandi veit lítið um slysið sjálfur. Hann var á leið heim til sín að Laugamýrarbletti 27 úr kvöldboði í bænum. Var hann einn sins liðs og gekk hægt inn veginn allt af á vinstri brún.

Þar sem slysið varð, mun vegurinn vera um 6 m. á breidd. Umferð var töluverð um hann í þetta skipti, nokkur vindur og rigning. Þurkarinn á framrúðunni, framljósinn og hemlar bifreiðarinnar voru í góðu lagi. Bifreiðarstjórinn var á allan hátt vel fyrir kallaður, og ekki er annað upplýst, en að stefnandi hafi verið það líka.

Stefndur viðurkennir, að ósannað sé, að bifreiðarstjórinn hafi gefið hljóðmerki áður en slysið varð, og telur þess vegna, að hann verði að bera nokkurn hluta tjónsins, eins og áður er sagt, en telur bifreiðarstjóranum ekki verða gefna sök á slysinu að öðru leyti. Hraðinn hafi, eins og á stóð, ekki verið of mikill, og bifreiðastjórinn hafi gert allt, sem í hans valdi stóð, til að afstýra

slysinu, sem stefndur telur eingöngu hafa orðið vegna þess, að stefnandi hafi vikið inn á veginn, eins og bifreiðarstjórinn hafi skýrt frá.

Af hálfu stefnanda er því neitað, að nokkurt hljóðmerki hafi verið gefið, og ennfremur því, að stefnandi hafi vikið inn á veginn fyrir bifreiðina. Er því haldið fram, að bifreiðinni hafi verið ekið mjög hratt, að stefnandi hafi gengið á vinstri vegbrún og á allan hátt hegðað sér eins og honum bar.

Í framburði bifreiðarstjórans fyrir lögregluréttinum gætir nokkurar ónákvæmni, þar sem hann heldur því fram, að hann hafi ætlað að aka framhá stefnanda í ca. eins meters fjarlægð, og hafi stefnandi gengið ca. 1—2 fet frá vinstri vegbrún, þegar bifreiðin hafi gefið hljóðmerkið, en vikið þá ca. $\frac{1}{2}$ m. inn á veginn, en þá um leið hafi áreksturinn orðið. Eftir þessu hefði stefnandi verið tæpan meter frá vegbrún, þegar slysið varð, og hefði bifreiðinni verið ekið í meters fjarlægð frá brúninni, hefði slysið ekki orðið. Þykir þetta sýna, að skýrsla bifreiðarstjórans um slysið sé ekki að öllu leyti ábyggileg.

Eins og áður segir, mun stefnandi hafa legið ca. 7 m. fyrir aftan bifreiðina, þegar hún nam staðar, og þar sem telja má víst, að stefnandi hafi horizt eitthvað með bifreiðinni áður en hann datt á veginn, þar sem hún renndi aftan á hann á áðurgreindan hátt, þykir verða að ætla, að bifreiðin hafi runnið a. m. k. 7—9 m. frá árekstrinum, unz hún stöðvaðist. Og þar sem ætla verður, að bifreiðarstjórinn hafi hemlað bifreiðina a. m. k. ekki síðar en áreksturinn varð, þykir þetta sýna, að bifreiðinni hafi verið ekið á talsvert meiri hraða en bifreiðarstjórinn telur, og allt of miklum, þegar tekið er tillit til þess, að umferð var nokkur um veginn, náttmyrkur og regn. En jafnvel þótt hraðinn hefði ekki verið meiri en bifreiðarstjórinn telur, eða ca. 40 km. á klst., þá hefir hann verið ólöglegur, þar eð bifreiðalögin ákveða, að í myrkri megi hraðinn aldrei vera meiri en 30 km. á klst., og ekki lágu neinar ástæður fyrir, er heimiluðu bifreiðarstjóranum að aka hraðar en löglegt er, enda var honum kunnugt um, að ástæðulaust var að flýta sér með slökkviliðsmennina, þar eð slökkvivagnarnir voru snúnir aftur frá brunastaðnum. Eins og áður var getið, telur bifreiðarstjórinn, að stefn-

andi hafi vikið inn á veginn og þannig valdið slysinu. Í málinu liggur ekkert annað fyrir, sem bendi til þessa, en framburður bifreiðarstjórans. Og þegar þess er gætt, að þetta er fremur ósennilegt og bifreiðarstjórinn er þarna að gefa skýrslu um slys, sem a. m. k. siðferðilega skiptir máli fyrir hann, hvernig hefir atvikazt, þá þykir ekki gegn eindregnum mótmælum af hálfu stefnanda unnt að telja upplýst, að hann hafi vikið í veg fyrir bifreiðina og þannig átt sinn þátt í, að slysið varð.

Að því athuguðu, sem nú hefir verið sagt um atvik slyssins og afstöðu bifreiðarstjórans og stefnanda til þess, þykir verða að líta svo á, að ósannað sé, að stefnandi eigi nokkra sök á því, og verður því að telja, að það hafi hlotið af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans, og að sökin á því hvili öll á honum. Ber stefndum því að bæta stefnanda allt tjón hans vegna slyssins.

Upphæðin. Stefnandi hefir í sáttakæru sundurliðað tjón sitt vegna slyssins þannig:

| | | |
|--|---------|--------------|
| 1. dvalarkostnaður á landsspítalanum | kr. | 282.00 |
| 2. áætluð læknishjálp (kæran er dags. 9. marz 1937) | — | 400.00 |
| 3. atvinnutjón orðið og óorðið, skaðabætur fyrir þjáningar, missi líkamskrafta og andlegrar heilbrigði | — | 24000.00 |
| | Samtals | kr. 24682.00 |

Í rekstri málsins hefir stefnandi, án þess að því væri mótmælt, haldið fram, að öll læknishjálp (liðirnir 1 og 2) hafi numið kr. 722.80, en heildarkrafa hans er óbreytt þrátt fyrir það, og verður því að líta svo á, þar sem krafizt er dóms fyrir öllum sjúkrakostnaðinum, að upphæð þriðja kröfuliðs breytist í samræmi við þessa breytingu.

Stefndur fær hinsvegar upphæð þá, er hann tjáir sig fúsan til að greiða, þannig út, að hann telur bæturnar undir 3. lið hæfilega metnar kr. 10000.00 og viðurkennir sjúkrakostnaðinn, kr. 722.80, en telur hinsvegar, að sér beri aðeins að greiða helming þessara upphæða, eða kr. 5361.40, þar eð stefnandi hafi átt svo mikla sök á slysinu sjálfur, eins og stefndur telur og áður hefir verið rætt um.

1. og 2. liður. Með því að sjúkrakostnaðurinn er viður-

kenndur kr. 722.80 og skv. því, er áður segir um sökina, verður stefnanda tildæmd þessi upphæð að fullu.

3. liður. Í vottorði læknis þess, sem tók á móti stefnanda á landsspítalanum, dags. 13. jan. 1937, segir, að hann hafi haft einkenni upp á heilahristing, skrámur hér og þar, 7—8 cm. langan skurð vinstra megin á hnakka, vinstra viðbein hafi verið brotið, vinstri brjósthelmingur verið mjög aumur viðkomu, vinstra herðablað sprungið og fjögur rifbein verið brotin vinstra megin.

Í vottorði prófessors Guðmundar Thoroddsen, dags. 20. jan. 1937 segir m. a., að stefnandi hafi legið á landsspítalanum frá 22. nóv. 1936 til 7. jan. 1937, að brotin séu nú (þ. 2¼ 1937) gróin, viðbeinsbrotið þó með nokkuð áberandi „dislocation“. Enn séu nokkrir verkir í brotunum. Sjúklingurinn hafi lengi verið með mikinn svima og höfuðþyngsli eftir heilahristinginn, og þetta sé honum enn þá til бага, og hætt sé við, að það verði það lengi, þótt ómögulegt sé að segja, hve lengi það verði.

Þann 28. jan. 1937 gaf dr. med. Helgi Tómasson út vottorð um heilsufar og horfur stefnanda og kemst í því að þeirri niðurstöðu, að hann sé þá 100% öryrki, en telur ekki unnt að svo stöddu að ákveða, hver örorkan verði endanlega, og ráðleggur, að sjúklingurinn verði undir læknishendi í bænum a. m. k. 5—6 mánuði.

Stefnandi var síðan undir hendi Valtýs Albertssonar frá því í febrúar byrjun 1937 þangað til í apríl s. á., að hann virðist hafa farið til Siglufjarðar. Þann 6. þessa mánaðar gaf Valtýr vottorð, þar sem segir, að höfuðverkur og svimi hafi talsvert skánað, sviminn sé þó enn mjög bagalegur, miklir verkir og eymsl séu í brotstað vinstra viðbeins, hreyfingar í vinstra axlarlið séu mjög hindraðar, eins og áður, og nú sé vinstri armur og hönd orðin mun aflminni. Eins og standi, sé hann þó enn þá, þrátt fyrir batann, algerlega óvinnufær, en vænta megi nokkurs bata næstu mánuði.

Þann 7. september 1937 gaf Steingrímur Einarsson, læknir á Siglufirði, út vottorð, þar sem hann segist hafa athugað stefnanda og kynnt sér vottorð dr. Helga Tómassonar, er áður gat, og kveðst ekki geta fundið breytingu á ástandi stefnanda frá því, sem þar sé lýst.

Þann 20. október 1937 gaf Halldór Kristinsson, hér-

aðslæknir á Siglufirði, út vottorð um ástand stefnanda. Kemst hann eftir nákvæma athugun að þeirri niðurstöðu, að örorkan sé hæfilega metin 90% og að litlar líkur séu til þess, að orkan vaxi, er frá líði. Við þetta vottorð hefir dr. Helgi Tómasson gert nokkrar athugasemdir, dags. 22. nóv. 1937.

Loks hefir Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir gefið vottorð um ástand stefnanda, dags. 14. des. 1937.

Telur hann lítinn vafa á því, að stefnandi hafi fengið heilamar, og kemst hann eftir nákvæma skoðun að rökstuddri niðurstöðu um, að orkutap stefnanda beri að meta þannig: fyrsta árið eftir slysið 100%, annað og þriðja árið 90% og síðan (endanleg örorka) 80%.

Af áðurnefndu vottorði Steingrims Einarssonar, bornu saman við vottorð Valtýs Albertssonar, virðist mega ráða, að stefnandi hafi farið aftur frá því að hann fór frá Valtý og þangað til Steingrímur skoðaði hann, og telur stefndur, að það stafi af því, að stefnandi hafi verið óreglusamur, neytt áfengis og yfirleitt ekki hegðað sér eins og honum hafi borið að gera sem sjúklingi.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um það, að stefnandi hafi t. d. eitt sinn í júnimánuði 1937 undir áhrifum áfengis ekið bifreið, misst stjórn á henni, þannig að hún lenti með hraða á húsi hér í bænum og skemmdist allmikið.

Virðist þetta geta hafa haft einhverv áhrif á heilsufar hans til ills og tafið fyrir bata, jafnvel þótt ekki sé innt að því í neinu framangreindra læknisvottorða.

Í málinu má telja upplýst, að venjulegar árstekjur stefnanda, sem var einhleypur, ófaglærður verkamaður, 21 árs að aldri, fæddur 1% 1915, og var vel hraustur fyrir slysið, hafi ekki numið lægri upphæð en 2000—2500 kr.

Að öllu því athuguðu, sem nú hefir verið rakið, litur rétturinn svo á, að hæfilegar bætur til handa stefnanda undir 3. lið séu hæfilega ákveðnar kr. 17.000.00.

Verða málaþingurinn því þau, að stefnandi verða tildæmdar kr. 17722.80 með vöxtum, eins og krafizt hefir verið, og málskostnaður, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði stefnandanum, Birni Arnórssyni, kr. 17722.80 með 5% árs-

vöxtum frá 9. marz 1937 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1938.

Nr. 137/1937. **Sigurður Þ. Skjaldberg**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Péttri Magnússyni f. h. eigenda e/s

„Nurgis“ (Pétur Magnússon).

Ágreiningur um greiðslu farmgjalds.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóv. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 3. nóv. s. á., krefst þess, *aðallega* að hann verði algerlega sýknaður, *til vara* að hann verði einungis dæmdur til að greiða £ 17—10—0 og *til þrautavara* að hann verði einungis dæmdur til að greiða £ 33—5—0. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hver krafa hans sem til greina yrði tekin. Stefndi krefst þess þar á móti, *aðallega* að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara* að honum verði dæmd £ 52—8—5. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.